

Áveitan

9. tbl. 8. árgangur. September 2014

Flóamót

Ungmennafélögin í Flóahreppi standa fyrir sínu árlega Flóamóti föstudaginn 5. september n.k. á íþróttavellinum við Þjósárver kl. 14:00, strax eftir skóla.

Mótið er fyrir alla krakka á grunnskólaaldri og er keppt í eftirfarandi greinum:

- | | |
|------------------|---|
| 1.– 4. bekkur: | 60 m hlaup, langstökk og 400 m hlaup |
| 5. – 7. bekkur: | 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp og 400 m hlaup |
| 8. – 10. bekkur: | 100 m hlaup, langstökk, kúluvarp og 800 m hlaup |

Skráning verður á staðnum. Allir keppendur fá viðurkenningu fyrir þátttökuna og býður Umf Vaka upp á grillaðar pylsur í mótslok.

Foreldrar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta og halda uppi góðri stemmningu meðal áhorfenda. Ef einhverjir sjá sér fært um að vera starfsmenn þá er það vel þegið. Sérstaklega er mikilvægt að foreldrar barna í yngsta keppnisflokknum komi og aðstoði börn sín í keppni. Áætluð mótslok eru um klukkan 16:00

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra:

Staða framkvæmda í Krakkaborg/Flóaskóla ágúst-sept 2014.

Krakkaborg: Gafflveggur nýbyggingarinnar var steypur þann 29/8. Og er ætlað að uppsteypu verði lokið á þremur vikum. Gluggar í eldri hluta eru komnir á staðinn fyrir utan gler og lausafög. Í framhaldinu verða nýju gluggarnir settir í eldri hluta og hafist handa við að klæða þann hluta húsins. Innveggir í eldri hluta eru komnir upp sem og bogaveggirnir tveir. Bíða verður með vegginn sem snýr að loftræstrými þangað til loftræstsamstæðan er komin á sinn stað. Hiti er kominn á gólf í eldri hluta húsins. Salerniskassarnir eru einnig komnir upp. Það er sjá að góður gangur sé hjá þeim Já verks mönnum í þessu verki. Tímaáætlanir standast allar og mikil tilhlökkun hjá starfsfólki leikskólans, sem hefur verið að velta fyrri sér tilhögun innanhúss að undanfögnu, að flytja í nýja húsnæðið.

Flóaskóli: Nú er unnið að lagningu á lögnum sem tengjast við loftræstisamstæðurnar upp á loftinu fyrir ofan efstu loftaplötu. Það verk er langt komið og einangrun einnig. Loftræstisamstæðurnar tvær bíða klárar á Selfossi. Þær verða hífðar upp ósamsettar til að sem minnst þurfi að rífa þakið. Reiknað er með að koma samstæðunum upp á næstu dögum.

Leikskólinn tók til starfa að loknu sumarleyfi miðvikudaginn 6. ágúst.

Fyrirhugað er að halda árlegan kynningarfund fyrir foreldra og árlegan fund foreldrafélagsins á sama kvöldi þ.e. 2. september kl. 20.00 í leikskólanum. Þar verður:

- kynning á starfi leikskólans í vetur.
- kosning í foreldraráð
- farið yfir stöðu nýbyggingar leikskólans á Þingborg
- foreldrafélagið með sinn aðalfund – hefðbundin aðalfundarstörf.

Flóaskóli var settur 21. ágúst sl. og fyrsti kennsludagur var 22. ágúst.

Viðbrögð við kvörtunum vegna samgöngumála

Þingmenn kjördæmisins hafa nú flestir staðfest móttöku á erindi íbúa og sveitarstjórnar vegna ástands vega í Flóahreppi og vonast til þess að geta tekið málið til skoðunar á haustþingi. Vegamálastjóra var einnig afhentur undirskriftalisti íbúa við Hamarsveg vegna ástands vegarins. Oddviti og sveitarstjóri hafa átt fund með umdæmisstjóra og deildarstjóra hönnunardeildar Vegagerðarinnar á Selfossi. Engin tímasett loforð um úrbætur eru þó enn í hendi og veltur þar á framlögum af fjárlögum ríkisins.

Frá Samhygð

Heiðursfélagsamsæti og Haustball

Laugardaginn 4. október stendur Umf. Samhygð fyrir tveimur viðburðum í Félagslundu.

Á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt að útnefna nokkra valda félaga í Samhygð heiðursfélaga. Að því tilefni býður félagið til kaffisamsætis kl. 15:00 þar þessar nafnbætur verða veittar auk þess sem fleira verður á dagskrá.

Um kvöldið verður skipt um gír og dansað undir dunandi tónlist hjá Jón „Skeiðungi“ Bjarnasyni á Haustballi Umf. Samhygðar. Húsið opnar kl. 22:00 og kostar miðinn 2.500 kr og er vissara fyrir gesti að hafa meðferðis reiðufé.

Stjórnin

Góður árangur á Unglingalandsmóti á Sauðárkróki

Hér verða birt þau úrslit sem fundist hafa af ungingalandsmótinu í sumar. Sjá nánar á www.umfi.is

Ármann Baldur Bragason	mótorkross 85cc		1. sæti
Dagur Fannar Einarsson	Langstökk	4,02 m	9. sæti
	60 m hlaup	9,09 sek	7. sæti
	600 m hlaup	1:47,22	1. sæti
	4x100 boðhlaup	56,91 sek	1. sæti
	Knattspyrna HSK		3. sæti
Ingibjörg Jóhannesdóttir	langstökk	2,96 m	31. sæti
	60 m hlaup	11,54 sek	38. sæti
	600 m hlaup	2:28,05	11. sæti
	60 m grind	15,33 sek	13. sæti
Stefán N. Bjarnason	Bogfimi	136 stig	9. sæti
	Kúluvarp	11,23 m	1. sæti
Unnsteinn Reynisson	60 m hlaup	10,57 sek	22. sæti
	Langstökk	3,51 m	15. sæti
	Kúluvarp	5,86 m	18. sæti
	Hástökk	0,90 m	15. sæti
	Glíma	4,5 v	2. sæti
	Knattspyrna HSK		3. sæti

Einnig keppti Eyrún Gautadóttir í knattspyrnu og körfuknattleik, Stefán Narfi og Sigurður Andri Jóhannesson kepptu saman í strandblaki og tölvuleik. Glæsilegur árangur hjá krökkunum og vonandi keppa enn fleiri á næsta móti sem fram fer á Akureyri 2015.

Vetrarstarf Ungmennafélaganna í Flóahreppi

Nú er haustið gengið í garð og vetrarstarf ungmennafélaganna að hefjast. Sú nýbreytni verður í ár að glímu- og skákæfingar verða færðar til og eru nú á dagskrá strax eftir að skóladegi lýkur. Erum við á þann hátt að reyna að koma á mótis við foreldra og allavega minnka akstur þeirra um eina ferð.

Glíma-yngri krakkar

Glímuæfingar verða í Þjórsárverri á mánudögum frá klukkan 14:00 – 15:00.

Þjálfari á æfingunum er Stefán Geirsson og er fyrsta æfing mánudaginn 15. september n.k. Gert er ráð fyrir að halda æfingar í september og út nóvember en taka svo frí í desember. Æfingar hefjast svo aftur í janúar og standa út marsmánuð.

Glíma-eldri krakkar

Glímuæfingar fyrir eldri verða á fimmtudagskvöldum í Félagslundi.

Æfingarnar hefjast fimmtudagskvöldið 18. september og verða í Félagslundi frá 20:00 til 21:30. Æfingarnar eru hugsaðar fyrir 14 ára og eldri. Frekari upplýsingar veitir þjálfari stegeir@hotmail.com eða s:8676907

Skák

Skákæfingar verða í Flóaskóla á miðvikudögum frá klukkan 14:00 – 15:00.

Þjálfari á æfingunum er Ágúst Valgarð Ólafsson og er fyrsta æfingin miðvikudaginn 10. september n.k. Æfingarnar eru fyrir krakka í 5. bekk og upp úr. Yngri krakkar fá tækifæri til að fara á skákæfingar í gegnum tólmstundastarf Flóaskóla. Frekari upplýsingar veitir þjálfari í gegnum netfangið agust@agust.org

Almennar íþróttæfingar – Eldri krakkar

Íþróttæfingarnar verða í Þingborg á þriðjudögum frá klukkan 16:30 – 17:30 og 17:30 – 19:00.

Þjálfari á æfingunum er Árni Geir Hilmarsson og er fyrsta æfingin þriðjudaginn 9. september n.k. Krakkar í 5. 6. og 7. bekk mæti á æfingar klukkan 16:30 og krakkar í 8. bekk og upp úr klukkan 17:30.

Lögð verður áhersla á frjálssar íþróttir en einnig verður farið í aðrar íþróttagreinar. Frekari upplýsingar veitir þjálfari arni@floaskoli.is eða s. 8981830

Almennar íþróttæfingar – Yngri krakkar

Íþróttæfingarnar verða í Þjórsárveri á föstudögum frá klukkan 12:30 – 13:50. Þjálfari á æfingunum er Árni Geir Hilmarsson og er fyrsta æfingin föstudaginn 5. september n.k.

Æfingar þessar eru fyrir börn í 1. – 4. bekk og eru haldnar á skólatíma í samstarfi við Flóaskóla. Því miður getur farið svo að færri komast að en vilja og munu þá krakkar í 3. og 4. bekk hafa forgang. Aðrir nemendur munu raðast inn eftir skráningartíma.

Frekari upplýsingar veitir þjálfari arni@floaskoli.is eða s. 8981830

Það er von okkar að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi og að veturinn framundan verði bæði öflugur og skemmtilegur.

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka

Pakkir

Þau tímamót urðu í starfi Flóaskóla nú í haust að einn af reyndustu skólabílstjórunum Kristján í Vatnsholti lét af störfum.

Við þökkum honum áratuga farsælt starf.

Hann keyrði alla okkar drengi og skilaði sínum dýrmæta farmi ávalt heilum heim.

Bergþóra og Ólafur Forsæti

Kornbændur athugið

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt og völsun eins og undanfarin ár. Félagið hefur yfir að ráða öflugri þreskivél af gerðinni Sampo. Bændur eru hvattir til að panta tímanlega og vera vel undirbúnir fyrir komu þreskivélarinnar svo hin auknu afköst vélarinnar og mannskapur nýtist sem best.

Sigmar í Jaðarkoti tekur við pöntunum í síma 696-8653 og á netfangið sigmarorn@hotmail.com

Frá leikskólanum Krakkaborg

Leikskólinn Krakkaborg opnaði eftir sumarleyfi miðvikudaginn 6. ágúst sl. og er leikskólastarfið komið í fullan gang. Í ágústmánuði komu til okkar nýir nemendur í aðlögun og hefur hún gengið vel. Í haust verða 40 nemendur í leikskólanum. Á Krummadeild eru elstu nemendurnir. Þar eru 17 börn fædd 2009 og 2010 og er deildarstjóri Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir. Ugludeild er miðdeildin okkar og er deildarstjóri þar Freyja Baldursdóttir. Þar eru í vistun 13 börn fædd 2010, 2011 og 2012. Á Lóudeild eru yngstu börn leikskólans og er Bryndís Rósantsdóttir deildarstjóri þar. Á Lóudeild eru börn fædd 2012 og 2013. Við leikskólann starfa 14 manns í mismunandi starfshlutföllum. Leikskólastjóri er Jóna Björg Jónsdóttir.

Við vorum heppin með veður í ágústmánuði og má segja að sumarið hafi þá loksins komið. Við vorum mikið úti, fórum í göngu- og rannsóknarferðir um nágrennið, fórum í íþróttir á íþróttavellinum við Þjósárver og nutum þess að vera úti í blíðunni. Börn og starfsfólk á Krumma- og Ugludeild fóru í berjaferð í Lyngholt þar sem gömsæt krækiber voru týnd annaðhvort í poka eða beint í munninn.

Framundan er skemmtilegur septambermánuður þar sem nóg verður um að vera.

1. september fer allt starfsfólk leikskólans ásamt starfsfólki í öllum leik- og grunnskólum í Árnesþingi á sameiginlegan starfsdag í Þorlákshöfn. Þar verður boðið upp á fjölbreytt fræðsluerindi og námskeið. 2. september kl 20:00 verður haldinn í leikskólanum kynningarfundur fyrir foreldra. Þar verður m.a. farið yfir áherslur í leikskólastarfinu, skóladagatal og dagskipulög kynnt, staða húsnæðismála leikskólans í Þingborg kynnt og fleira. Einnig mun aðalfundur Foreldrafélags Krakkaborgar verða haldinn.

Hægt er að hafa samband við leikskólann í síma 4823085 eða á netfanginu leikskoli@floahreppur.is.

Með kveðju,

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri í Krakkaborg

Kæru sveitungar og vinir

Innilegar þakkir fyrir gjafir og kveðjur á afmælisdaginn minn þann 14. ágúst sl.

Með kveðju

Jónina Stóru-Reykjum.

Fréttatilkynning:

Dönsum á Selfossi er nú að hefja þriðja veturinn með æfingadansleiki - við erum hópur fólks sem hefur gaman að því að dansa og ákváðum haustið 2012 að leigja sal og bjóða Selfyssingum og nágroñnum upp á danskvöld á þriðjudagskvöldum.

Við byrjuðum með lítinn geislaspilara og litla hátalara í salnum í Tryggvaskála, fengum til okkar leiðbeinendur frá "Komið og Dansið" í Reykjavík og héldum dansnámskeið sem var nefnt "Verðum Ballfær" og voru þar teknir fyrir helstu dansar sem eru á dansleikjum almennt...

Við fórum svo út í það tveir félagar að byggj upp alvöru græjur til að vera með á böllunum og það virkar fínt - í fyrra fengum við inni í Hliðskjálfi (félagsheimili hestamanna á Selfossi), gerðum Dönsum á Selfossi að almennu félagi með eigin kennitölu, sem gefur okkur færi á að sækja um styrki til reksturs - við höldum uppteknum hætti, erum með dansleiki öll þriðjudagskvöld frá kl. 19 - 23.

Við bjóðum upp á námskeið í hinum ýmsu dönsum af og til - erum öðru hverju með uppákomur og sprell...

Við dönsum gömlu dansana, samkvæmisdansa og ýmislegt fleira skemmtilegt - seljum kaffi á dansleikjum og bjóðum upp á vatn - til okkar kemur fólk á öllum aldri og ekki endilega parað - sem sagt kynslóðabilið er ekki virkt hjá okkur og allir aldurshópar skemmta sér saman - einnig má geta þess að við erum með töluverðan hóp sem hefur gaman af línudönsum og erum með sýningarhóp á því sviði.

Kveðjumessa og kaffi

Sunnudaginn 7. september kl. 14:00 verður messað í Gaulverjabæjarkirkju. Þetta er kveðjumessa Sr. Sveins Valgeirssonar sem hefur þjónað söfnuðinum undanfarin sex ár. Að messu lokinni er kirkjugestum boðið upp á kaffi í Félagslundu.

Sóknarnefnd

Pistillinn

Ég vil þakka Silju á Gerðum vinkonu minni fyrir að skora á mig að skrifa næsta pistil. Þetta hefur verið mikill hausverkur því mér flaug ekkert nógu áhugavert í hug til að skrifa um og sat hjá einn mánuð með að skila inn hugrenningum mínum.

En þar sem nú líða tekur að hausti þá kom bóndi minn með þá hugmynd að skrifa um heimaslátrun og mína upplifun af henni, því eins og kannski þeir sem þekkja mig vita að þá er ég alinn upp á malbiki og var mikil pempía. Það var því mikil upplifun fyrir mig að komast í tæri við bústörf þegar ég fór að venja komur mínar uppá Litla-ármót fyrir snar sautján árum síðan. Alla tíð síðan hef ég reynt að sanna getu mína fyrir tengdforeldrum mínum um að ég sé nú verðug tengdadóttir, þá sérstaklega fyrir tengdapabba, enda hvernig ætti maður öðruvísi að lifa af í svona bændasamfélagi sem hér. Því hef ég frá upphafi einsetið mér að kynnast öllum þeim bústörfum og tæknibrellum sem þeim fylgja. Þar er heimaslátrunin í miklu uppáhaldi hjá mér og engar sjónhverfingar í gangi enda allt gert með höndum og hug.

Fyrst fannst mér ógeðslegt að horfa á þetta og gerði ekkert annað. Næsta ár tók ég við vatnslöngunni og skolaði skrokkana en passaði mig á því að koma ekki við. Ár frá ári hefur mér svo vaxið ásmegin og í dag hjálpa ég til við að taka innanúr og raða innnyflunum snyrtilega saman á borðið fyrir tengdamömmu. Ég fyllist alltaf tilhlökkunar þegar líða tekur að þessum viðburði enda ríkri mikil stemning í kringum hann. Nær allir fjölskyldumeðlimir taka þátt auk sjálfkjörins slátruhússtjóra (Vilborg frá Halakoti) og hennar fylgifyfiskar. Aðrar minningar um þennan dag þekki ég ekki nema hlátrasköll, kokuát, bjórþamb og gleði. Karlarnir skjóta og flá meðan konurnar taka innúr og þrifa. Í framtíðinni vona ég að við sem yngri erum náum að halda uppi áfram sömu stemningu og skemmtun fyrir börnin okkar sem foreldrar okkar gerðu.

Að lokum vil ég skora á hann svila minn Ragnar Finn Sigurðsson um að skrifa næsta pistil, hann er maður fróður um allt er viðkemur sögu um land og þjóð, bústörf og sér í lagi matargerð. Hann lumar kannski á góðri kleinuuppskrift með rjóma.

Berglind Björk Guðnadóttir
búsett á Litla-ármóti og gift Davíð Inga Baldurssyni.

Úrslit af Samhygðar og Vökumóti 2014

76. íþróttamót Samhygðar og Vöku var haldið á Selfossvelli sunnudaginn 24. Ágúst sl. Veður var nokkuð skaplegt þó meðvindur væri nokkur í spretthlaupum og stökkum. Hér koma úrslit mótsins:Konur

100 m hlaup

- | | | |
|-------------------------|------|----------|
| 1. Guðmundu Ólafsdóttir | Vöku | 15,0 sek |
| 2. Fanney Ólafsdóttir | Vöku | 15,6 sek |

3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vöku	17,0 sek
4. Hugrún Geirsdóttir	Samhygð	17,8 sek
5. Hulda Jónsdóttir	Samhygð	18,5 sek
6. Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	20,7 sek

Kúluvarp

1. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Vöku	8,62 m
2. Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	7,45 m
3. Fanney Ólafsdóttir	Vöku	6,93 m
4. Hulda Jónsdóttir	Samhygð	6,56 m
5. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	6,54 m
6. Hugrún Geirsdóttir	Samhygð	6,44 m
7. Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	6,38 m
8. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vöku	5,79 m

Kringlukast

1. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Vöku	22,10 m
2. Fanney Ólafsdóttir	Vöku	21,52 m
3. Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	17,98 m
4. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	17,00 m
5. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vöku	14,27 m
6. Hulda Jónsdóttir	Samhygð	13,09 m
7. Hugrún Geirsdóttir	Samhygð	11,36 m
8. Erla Björg Aðalsteinsdóttir	Vöku	10,90 m
9. Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	10,13 m

Langstökk

1. Fanney Ólafsdóttir	Vöku	3,83 m
2. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	3,55 m
3. Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	3,48 m
4. Hugrún Geirsdóttir	Samhygð	3,26 m
5. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vöku	2,68 m

Þrístökk

1. Fanney Ólafsdóttir	Vöku	8,15 m
2. Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	8,07 m
3. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	6,98 m
4. Hugrún Geirsdóttir	Samhygð	5,64 m

800 m hlaup

1. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	3:28,2 mín
2. Hugrún Geirsdóttir	Samhygð	3:33,8 mín
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vöku	4:05,8 mín
4. Lilja Böðvarsdóttir	Vöku	4:10,8 mín
5. Fanney Ólafsdóttir	Vöku	4:44,7 mín

Karlar

100 m hlaup

1. Arnar Einarsson	Vöku	11,2 sek
2. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	11,6 sek
3. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	13,2 sek
4. Alexander Jón Másson	Samhygð	13,4 sek
5. Dagur Fannar Einarsson	Vöku	13,6 sek
6. Þórhallur Baldursson	Samhygð	14,1 sek
7. Sigurjón Reynisson	Vöku	17,3 sek
8. Hjalti Geir Jónsson	Vöku	18,3 sek

Langstökk

1. Arnar Einarsson	Vöku	5,61 m
2. Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	5,48 m
3. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	5,41m
4. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	5,03 m
5. Atli Már Ólafsson	Samhygð	4,99 m
6. Alexander Jón Másson	Samhygð	4,46 m
7. Einar Helgi Haraldsson	Vöku	4,18 m
8. Dagur Fannar Einarsson	Vöku	4,03 m
9. Þórhallur Baldursson	Samhygð	3,92 m
10. Sigurjón Reynisson	Vöku	3,05 m
11. Hjalti Geir Jónsson	Vöku	2,54 m

Kúluvarp

1. Stefán Geirsson	Samhygð	11,00 m
2. Einar Helgi Haraldsson	Vöku	9,10 m
3. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	9,08 m
4. Atli Már Ólafsson	Samhygð	9,00 m
5. Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	8,75 m
6. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	8,51m
7. Þórhallur Baldursson	Samhygð	7,96 m
8. Arnar Einarsson	Vöku	7,79 m
9. Jón M. Ívarsson	Samhygð	5,76 m

Spjótkest

1. Atli Már Ólafsson	Samhygð	35,19 m
2. Stefán Geirsson	Samhygð	34,29 m
3. Arnar Einarsson	Vöku	30,33 m
4. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	30,03 m
5. Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	28,39 m
6. Einar Helgi Haraldsson	Vöku	27,70 m
7. Alexander Jón Másson	Samhygð	25,78 m
8. Stefán Ólafsson	Vöku	24,93m
9. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	23,21 m
10. Dagur Fannar Einarsson	Vöku	14,32 m

Þrístökk

1. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	11,76 m
2. Arnar Einarsson	Vöku	11,38 m
3. Atli Már Ólafsson	Samhygð	10,51 m
4. Alexander Jón Másson	Samhygð	9,36 m
5. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	9,06 m
6. Dagur Fannar Einarsson	Vöku	8,30 m
7. Sigurjón Reynisson	Vöku	6,87 m

800 m hlaup

1. Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	1:59,8 mín
2. Arnar Einarsson	Vöku	2:34,5 mín
3. Alexander Jón Másson	Samhygð	2:35,4 mín
4. Dagur Fannar Einarsson	Vöku	2:37,8 mín
5. Atli Már Ólafsson	Samhygð	2:52,1 mín
6. Sigurjón Reynisson	Vöku	3:20,3 mín
7. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	3:23,6 mín
8. Daði Kolviður Einasson	Vöku	3:32,9 mín
9. Stefán Ólafsson	Vöku	3:33,7 mín

Bestu afrek kvenna

1. Guðmunda Ólafsdóttir	100 m hlaup	15,0 sek	593 stig
2. Fanney Ólafsdóttir	100 m hlaup	15,6 sek	520 stig
3. Fanney Ólafsdóttir	Langstökk	3,83 m	471 stig

Bestu afrek karla

1. Arnar Einarsson	100 m hlaup	11,2 sek	813 stig
2. Kristinn Þór Kristinsson	800 m hlaup	1:59,8 mín	773 stig
3. Árni Geir Hilmarsson	100 m hlaup	11,6 sek	697 stig

Stigahæstu konur

1. Fanney Ólafsdóttir	Vöku	28 stig
2. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	26 stig
3. Hugrún Geirsdóttir	Samhygð	15 stig

Stigahæstu karlar

1. Arnar Einarsson	Vöku	26 stig
2. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	19 stig
3. Atli Már Ólafsson	Samhygð	17 stig

Umf Vaka átti 11 keppendur til stiga en Umf. Samhygð 9.

Í stigakeppni félaga sigraði Umf. Vaka með 146 stig gegn 101 stigi Samhygðar Skjaldarhafí mótsins varð Fanney Ólafsdóttir Vöku.

Eldriborgaraferð í Flóahreppi 2014

Ferðin er fyrirhuguð mánudaginn 15. september. Ekið verður um vestanverða Rangárvallasýslu og stoppað á kunnum stöðum.

Lagt af stað frá: Félagslundu kl. 12:30

Þjórsárveri kl. 12:45

Þingborg kl. 13:00

Þátttaka tilkynnist til Eyðisar Kolsholti í síma 486-3324, 695-9223
Margrétar Gerðum í síma 486-3393, 864-1908
Margrétar Kristinsdóttir í síma 865-7075

Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi fyrir hádegi sunnudaginn 14. september.

Með von um góða þátttöku.

Ferðanefndin

Dagskrá mánaðarins

Flóamót	5. september
Kveðjumessa í Gaulverjabæjarkirkju	7. september
Íþróttæfing eldri	9. september
Skákæfing	10. september
Skeiðaréttir	13. september
Glímuæfing yngri	15. september
Eldriborgaraferð	15. september
Íþróttæfing eldri	16. september
Skákæfing	17. september
Glímuæfing eldri	18. september
Glímuæfing yngri	22. september
Íþróttæfing eldri	23. september
Skákæfing	24. september
Glímuæfing eldri	25. september
Glímuæfing yngri	29. september
Íþróttæfing eldri	30. september



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160